Grunnskóli Húnaþings vestra



Skólanámskrá

Gerð vorið 2026

Endurskoðuð næst vorið 2029

Grunnskóli Húnaþings vestra
Kirkjuvegur 1
530 Hvammstangi
Heimasíða: https://grunnskoli.hunathing.is/is
Facebooksíða skólans:
https://www.facebook.com/profile.php?id=100051512777113

Sími: 455-2900
Netfang: grunnskoli@skoli.hunathing.is

Skrifstofa skólans er opin
mánudaga - föstudaga kl. 8:00 - 15:00

Önnur símanúmer:

Frístund: 895-2915

Efnisyfirlit

Inngangur 3
Menntastefna Húnaþings vestra 3
Starfsemi skólans frá stofnun 3
Stefna, sýn og gildi skólans 4
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og grunnþættir menntunar 4
Staðblær og skólabragur 6
Uppeldisstefna 6
Samstarf heimila og skóla 7
Kennsluhættir og samþætting námsgreina 7
Lykilhæfni 7
Stafræn borgaravitund 7
Skólareglur 8
Námsmat 8
Mat á skólastarfi 9
Starfsþróun 9
Fræðsluráð 9
Skólaráð 10
Nemendaráð 10
Samstarf á milli skólastiga 10
Tengsl við nærsamfélagið 11
Félagsstarf barna og unglinga 11
Stefnur og áætlanir 11
Eineltisáætlun 11
Forvarnarstefna 11
Árvekni- og viðbragðsáætlun skólans v. ofbeldis 12
Rýmingaráætlun 12
Mannauðsstefna 12
Endurmenntunarstefna 12
Skólareglur 12
Síma- og snjalltækjareglur 12

Inngangur

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla skal hver skóli birta stefnu sína með tvennum hætti. Annars vegar með almennri stefnumörkun sem birtist í skólanámskrá og gildir í þrjú ár í senn og hins vegar með upplýsingum sem eru breytilegar frá ári til árs og birtast í árlegri starfsáætlun sem gefin er út á hverju hausti.

Í skólanámskrá á skóli að gera grein fyrir því hvernig hann nýtir það svigrúm til ákvarðana og athafna sem lög, reglugerðir, aðalnámskrá og skólastefna viðkomandi sveitarfélags veita. Skólanámskrá er nánari útfærsla á ákvæðum aðalnámskrár og í henni gefst kostur á að laga opinber fyrirmæli að sérstöðu hvers skóla og staðbundnum aðstæðum og gera grein fyrir hvernig þær aðstæður eru nýttar til að efla nám og kennslu. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir þeim gildum sem starf skólans byggist á og þar eru útfærð þau almennu viðmið sem sett eru í aðalnámskrá.

Menntastefna Húnaþings vestra

Menntastefna Húnaþings vestra var endurskoðuð og gefin út í apríl 2023 og mun fara í endurskoðun skólaárið 2026 - 2027. Menntastefna Húnaþings vestra tekur mið af aðalnámskrá leik- og grunnskóla, Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og læsis- og stærðfræðistefnu grunnskólanna í Húnavatnssýslum. Áherslur menntastefnunnar eru útfærðar í starfi grunnskólans og koma meðal annars fram í skólanámskrá, starfsáætlun og námsvísi.

Megináherslur menntastefnu Húnaþings vestra 2023–20**26** eru að stuðla að gæðaskólastarfi og vellíðan barna með því að skapa framsækið, skapandi, hvetjandi og öruggt skólastarf þar sem komið er til móts við öll börn með fjölbreyttum námsleiðum, áherslu á læsi, öflugu stuðningskerfi og nánu samstarfi við foreldra og nærsamfélagið þar sem heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru leiðarljós í öllu starfi skólans. Einnig er lögð rík áhersla á að efla sjálfstæði og sjálfsöryggi nemenda og undirbúa þá undir líf og starf í síbreytilegu lýðræðissamfélagi.

Starfsemi skólans frá stofnun

Grunnskóli Húnaþings vestra var stofnaður árið 2000 við sameiningu fjögurra skóla á svæðinu. Í fyrstu var kennt á mörgum stöðum en frá haustinu 2017 hefur öll starfsemi skólans verið sameinuð á Hvammstanga. Vorið 2022 var tekin í notkun glæsileg viðbygging sem hýsir einnig Tónlistarskóla Húnaþings vestra, sem gjörbreytti öllu starfsumhverfi og aðstöðu til list- og verknáms. Skólinn leggur ríka áherslu á samstarf og lýðræðislega stefnumörkun með virkri þátttöku nemenda og starfsfólks.

Nánar má lesa um sögu skólans hér.

Stefna, sýn og gildi skólans

Í Grunnskóla Húnaþings vestra er unnið samkvæmt grunnskólalögum, aðalnámskrá grunnskóla, lögum um farsæld barna (nr. 86/2021), samningi Húnaþings vestra um barnvænt sveitarfélag, menntastefnu Húnaþings vestra og þeim gildum sem þar koma fram.

Í skólanum er lögð áhersla á gleði, virðingu, farsæld og vellíðan allra í skólasamfélaginu þar sem allir nemendur eru metnir að verðleikum. Komið er til móts við fjölbreyttar námsþarfir allra nemenda í skólanum með fagmennsku, skilningi og framsæknu og skapandi starfi, í nánu samstarfi við forsjáraðila og nærsamfélag.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og grunnþættir menntunar

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru leiðarljós í menntastefnu Húnaþings vestra og helstu áhersluatriði menntastefnunnar eru tengd við Heimsmarkmiðin. Heimsmarkmiðin lita á sama hátt allt starf Grunnskóla Húnaþings vestra í samræmi við menntastefnu sveitarfélagsins.

Grunnþættir menntunar, það er læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun, eiga samkvæmt aðalnámskrá að vera leiðarljós í öllu starfi grunn- og leikskóla. Menntastefna Húnaþings vestra styður við grunnþætti menntunar með því að leggja áherslu á vellíðan, hamingju og alhliða þroska barna, þar sem jafnræði, virðing og mannréttindi eru í forgrunni. Læsi í víðum skilningi, sköpun, sjálfbærni og samfélagsleg ábyrgð fléttast inn í allt skólastarfið og skapa börnum tækifæri til að taka virkan þátt í eigin námi og samfélagi. Með áherslu á öruggt, styðjandi og sjálfbært námsumhverfi sem nýtir nærumhverfið og fjölbreyttar námsleiðir er unnið að því að efla hæfni, sjálfstæði og þátttöku nemenda í takt við framtíðarsýn sveitarfélagsins.

Grunnþættir menntunar eru ekki bundnir við einstakar námsgreinar eða afmarkaða þætti skólastarfs. Í Grunnskóla Húnaþings vestra mótast allt starf skólans af grunnþáttunum og heimsmarkmiðunum, og eru þessar áherslur sýnilegar í skipulagi náms og kennslu til lengri tíma. Skólaárinu er skipt í sex námstímabil þar sem horft er til allra grunnþáttanna í gegnum allt tímabilið. Þannig fléttast grunnþættirnir lífrænt inn í allt nám og starf skólans allt skólaárið.

Læsi er grundvöllur náms og í víðu samhengi snýst hugtakið um sköpun merkingar og felur meðal annars í sér myndlæsi, hæfni til að lesa í umhverfi sitt, túlka upplýsingar og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Í Grunnskóla Húnaþings vestra er læsi samofið öllu námi í skólanum. Lögð er rík áhersla á að bjóða nemendum upp á kennslu við hæfi þannig að þeir nái sem bestum tökum á íslensku máli og lestrartengdum þáttum. Á yngsta stigi er unnið samkvæmt hugmyndafræði Byrjendalæsis þar sem lögð er áhersla á heildstæða nálgun í máli og læsi. Málörvun og lestrarkennslu er markvisst sinnt með áherslu á orðaforða, orðanotkun, málfærni, hlustun, lesskilning, lesfimi, lestrarlag og lestraránægju alla skólagönguna.

Læsisstefnu skólans má lesa hér

Sjálfbærni snýst meðal annars um umhverfi, ábyrgð, virðingu, lýðræðisleg vinnubrögð og réttlæti í nútíð og framtíð. Í sjálfbærnimenntun er lögð áhersla á skilning á þeim takmörkunum sem vistkerfi jarðar setur manninum, jöfnuð innan og milli kynslóða, skynsamlega nýtingu auðlinda og sanngjarna skiptingu þeirra. Sjálfbærni gegnir lykilhlutverki í allri menntun til framtíðar. Í Grunnskóla Húnaþings vestra er lögð áhersla á að nemendur fái tækifæri til að þróa með sér skilning á því hvernig samfélagsleg, efnahagsleg og umhverfisleg sjónarmið tengjast og hafa áhrif hvert á annað. Sjálfbærnimenntun er samþætt í nám og kennslu á öllum skólastigum. Í daglegu starfi er lögð áhersla á virðingu fyrir náttúru og umhverfi, ábyrgð gagnvart hvert öðru og samfélaginu og mikilvægi þess að nemendur læri að taka upplýstar og ábyrgar ákvarðanir. Þessar áherslur eru sýnilegar í starfi skólans, meðal annars meðal annars í gegnum reglulega umhverfisdaga þar sem nemendur taka virkan þátt í verkefnum sem tengjast umhverfisvernd og sjálfbærni í verki. Með því móti brúum við bilið á milli kenningar og framkvæmdar og hvetjum nemendur til að verða virkir þátttakendur í að skapa betri framtíð.

Í Menntastefnu Húnaþings vestra er lögð rík áhersla á **heilbrigði og velferð** allra í skólasamfélaginu. Heilbrigði byggist á líkamlegri, andlegri og félagslegri vellíðan og mótast af samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Mikilvægt er að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Koma þarf til móts við þarfir allra nemenda, byggja á styrkleikum þeirra og áhugasviðum og efla þannig sjálfsmynd, uppbyggileg samskipti og vellíðan. Í Grunnskóla Húnaþings vestra tekur allt skólasamfélagið þátt í að stuðla að heilbrigði og velferð barna og fullorðinna með því að skapa öruggt og hvetjandi námsumhverfi þar sem virðing og jákvæðni eru í fyrirrúmi. Við leggjum áherslu á öflugt bekkjarstarf, lýðræðislega þátttöku nemenda og samstarf við foreldra og samfélagið. Með markvissri vinnu gegn einelti og með því að efla félagsfærni og vináttu, tryggjum við að öllum líði vel og upplifi sig sem mikilvægan hluta af skólasamfélaginu.

Lýðræði og mannréttindi eru lykilhugtök í Menntastefnu Húnaþings vestra sem og í samfélaginu öllu bæði innan og utan skólans. Í menntastefnunni er lögð rík áhersla á að börn séu virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðislegu skólasamfélagi sem byggir á byggist á samræðu, virðingu og þátttöku og þar sem raddir barna fá að heyrast. Í Grunnskóla Húnaþings vestra er stöðugt unnið að því að efla lýðræðislega þátttöku nemenda og styrkja með þeim meðvitund um ábyrgð, jafnræði og réttlæti. Þetta er gert meðal annars með því að vera með öflugt nemendaráð og halda regluleg nemendaþing þar sem nemendur fá beint tækifæri til að hafa áhrif á eigið nám og skipulag skólastarfsins. Jafnframt eru haldnir reglulegir bekkjarfundir þar sem nemendur ræða sín málefni og leysa úr ágreiningi í sameiningu, og unnið er með gerð bekkjarreglna sem eflir ábyrgðarkennd þeirra og virðingu fyrir samfélaginu okkar.

Jafnrétti er grundvallarregla íslenskrar stjórnskipunar. Í Menntastefnu Húnaþings vestra er lögð rík áhersla á mikilvægi jafnréttismenntunar, að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Grunnskóli Húnaþings vestra er skóli án aðgreiningar þar sem

jafnrétti er lykilþáttur í öllu skólastarfi og órjúfanlegur hluti af menningu, andrúmslofti og starfsháttum skólans. Þetta sést meðal annars í fjölbreyttum kennsluháttum og einstaklingsmiðuðu námi þar sem komið er til móts við ólíkar þarfir, bakgrunn og styrkleika allra nemenda. Við leggjum ríka áherslu á að vinna gegn hvers kyns staðalímyndum og fordómum, tryggja jafnan rétt til þátttöku í öllu skólastarfi og skapa öruggt umhverfi þar sem fjölbreytileikanum er fagnað sem auðlind fyrir skólasamfélagið.

Móttökuáætlun nýrra Íslendinga má nálgast á heimasíðu skólans.

Sköpun felur meðal annars í sér getu til að sjá hluti í nýju ljósi og finna nýjar leiðir til tjáningar, lausna og úrvinnslu. Sköpun tengist gagnrýninni hugsun, lausnamiðuðu námi og hæfni nemenda til að beita þekkingu á nýjan hátt og er þannig nátengd öllu skólastarfi. Í menntastefnu Húnaþings vestra er lögð áhersla á fjölbreytta og skapandi starfshætti, þar sem nemendur nýta hugmyndaauðgi, tilfinningar, þekkingu og skynjun og efla sjálfstæði sitt, frumleika og tjáningarþor. Í Grunnskóla Húnaþings vestra er lögð áhersla á umhverfi sem hvetur til skapandi hugsunar, frumkvæðis og tjáningar með því að samþætta skapandi verkefni og lausnamiðað nám. Nemendur nýta tæknismiðju skólans til að vinna að nýsköpun, hönnun og handverki þar sem hugmyndir verða að veruleika með fjölbreyttum tækjabúnaði. Jafnframt fá allir nemendur skólans, frá 1. til 10. bekk, tækifæri til að blómstra og tjá sig á árlegri árshátíð skólans, þar sem skapandi ferli, samvinna og listræn miðlun koma saman í einni öflugri heild.

Staðblær og skólabragur

Í Menntastefnu Húnaþings vestra er lögð áhersla á að byggja upp gott og heilbrigt starfs- og námsumhverfi sem byggist á lýðræðislegri þátttöku allra, þar sem nemendum og starfsfólki líður vel og komið er til móts við fjölbreyttar þarfir nemenda.

Stjórnendur og starfsfólk Grunnskóla Húnaþings vestra leggja sig fram um að skapa jákvæðan skólabrag þar sem jákvæðni, gleði, umhyggja og góð samskipti eru ríkjandi þannig að skilyrði til uppeldis og menntunar nemenda og almennrar velferðar þeirra séu framúrskarandi. Þetta er gert með því að nýta styrkleika smærra samfélags þar sem tengslin eru persónuleg og dýrmæt. Við leggjum áherslu á ríkt samstarf nemenda, starfsfólks og foreldra, mætum ólíkum þörfum af sveigjanleika og sköpum öruggt umhverfi þar sem sérhver einstaklingur fær að njóta sín og blómstra.

Uppeldisstefna

Í Menntastefnu Húnaþings vestra er lögð rík áhersla á jákvæðan skólabrag þar sem gleði, virðing og umhyggja eru leiðarljós í öllu starfi. Vellíðan og árangur eru í fyrirrúmi og þörfum allra barna er mætt í lýðræðislegu samfélagi. Dagleg hreyfing og markvisst hreyfiuppeldi eru einnig mikilvægir þættir í öllu skólastarfi.

Í menntastefnunni er kveðið á um að aðferðafræðin *Jákvæður agi* skuli notuð í öllum skólum og frístundastarfi Húnaþings vestra. Markmiðið er að skapa jákvæðan skólabrag, bæta samskipti, styrkja sjálfsmynd nemenda og efla félagsfærni þeirra. Í Grunnskóla Húnaþings vestra koma þessar áherslur skýrt fram í öllu starfi skólans. Í daglegu lífi skólans er unnið markvisst út frá hugmyndafræði **Jákvæðs aga**, þar sem áhersla er lögð á gagnkvæma virðingu, lausnamiðuð vinnubrögð og að nemendur læri af mistökum

sínum í öruggu umhverfi. Til að styðja enn frekar við félagsfærni og tilfinningalæsi nemenda nýtum við **ART-samskiptaþjálfun**, sem hjálpar nemendum að efla sjálfstjórn og vanda samskipti sín við aðra.

Samstarf heimila og skóla

Í Menntastefnu Húnaþings vestra kemur fram rík áhersla á virka samvinnu heimila og skóla sem byggir á trausti, gagnkvæmri virðingu og upplýsingamiðlun. Foreldrar og forráðamenn eru virkir þátttakendur í námi og vellíðan barna sinna þar sem skólinn og heimilin vinna saman að því að búa hverju barni farsæld og sem bestar aðstæður svo öll börn hafi tækifæri til að nýta kosti sína og styrkleika. Í Grunnskóla Húnaþings vestra koma þessar áherslur skýrt fram í öllu starfi skólans. Þetta er gert meðal annars með því að byggja á nánu og persónulegu sambandi milli starfsfólks og foreldra þar sem traust og gagnkvæm virðing ríkja. Við mætum foreldrum sem jafningjum í samstarfi um farsæld barna þeirra, tryggjum gott flæði upplýsinga um daglega lífið í skólanum og köllum eftir virkri þátttöku heimilanna við að skapa samheldinn og styðjandi foreldrahóp í hverjum árgangi.

Kennsluhættir og samþætting námsgreina

Í Menntastefnu Húnaþings vestra kemur fram að fjölbreyttir kennsluhættir sem styðja við sköpun, sjálfstæði og áhuga nemenda og mæta þörfum allra í skapandi og hvetjandi umhverfi séu burðarvirki í starfsemi gæðaskóla. Innan skólans birtist þetta í fjölbreyttu námsumhverfi og kennsluaðferðum sem mæta ólíkum þörfum nemendahópsins. Samþætting námsgreina á sér sérstaklega stað í skipulögðum þemavikum yfir skólaárið þar sem nemendur vinna að stærri verkefnum þvert á fög. Grunnþættir menntunar og Heimsmarkmiðin eru jafnframt rauður þráður í öllu skólastarfinu og fléttast inn í daglegt nám og kennslu. Kennsluhættir eru nánar útfærðir í námsvísi skólans.

Lykilhæfni

Í Menntastefnu Húnaþings vestra er kveðið á um að mennta skuli nemendur samkvæmt aðalnámskrá leik- og grunnskóla, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, læsis- og stærðfræðistefnu skólanna og skólum á grænni grein. Starfshættir skulu byggðir á skilgreindum gæðaviðmiðum sem henta framsæknu persónumiðuðu starfi í skólasamfélagi sem byggist á lýðræðislegri þátttöku allra.

Megintilgangur náms og kennslu í lykilhæfni er að þroska sjálfsvitund og samskiptahæfni nemenda, gagnrýna hugsun, búa þá undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi og áframhaldandi nám. Í Grunnskóla Húnaþings vestra fléttast kennsla í lykilhæfni inn í allar námsgreinar skólans á öllum stigum grunnskólans. Þetta er meðal annars gert með því að hanna verkefni sem krefjast þess að nemendur sýni frumkvæði, leiti skapandi lausna og vinni með öðrum. Með persónumiðuðu skólastarfi og fjölbreyttu námsmati hjálpum við nemendum að átta sig á eigin styrkleikum, dýpka sjálfsvitund sína og þróa með sér þá hæfni sem nauðsynleg er til virkrar þátttöku í lýðræðislegu framtíðarsamfélagi.

Stafræn borgaravitund

Stafræna borgaravitund má skilgreina þannig að einstaklingar geti notað stafræna tækni til að skapa, læra, eiga samskipti og taka þátt í samfélaginu á jákvæðan, ábyrgan og áhrifaríkan hátt um leið og þeir eru

meðvitaðir um lýðræðisleg réttindi sín og skyldur. Í Menntastefnu Húnaþings vestra er lögð áhersla á færni nemenda og kennara í upplýsingatækni og upplýsingalæsi í víðum skilningi og á framþróun og nýtingu upplýsingatækni í námi og kennslu á öllum skólastigum.

Í Grunnskóla Húnaþings vestra er lögð áhersla á stafrænt læsi og örugga, ábyrga og markvissa notkun tækni í námi og kennslu. Nemendur fá reglulega þjálfun í að nota upplýsingatækni á skapandi og lausnamiðaðan hátt. Samhliða tæknifærni er lögð rík áhersla á siðferðilegu hliðina; að nemendur þrói með sér heilbrigðar tölvunotkunarvenjur, átti sig á áhrifum stafræns fótspors og kunni að eiga í uppbyggilegum og öruggum samskiptum á netinu.

Skólareglur

Í Menntastefnu Húnaþings vestra er lögð áhersla á jákvæð og uppbyggjandi samskipti þar sem nemendur fá stuðning við að greina og vinna með eigin líðan, þjálfun í samvinnu, samskiptum og lausn ágreiningsmála.Skólareglur Grunnskóla Húnaþings vestra taka mið af þessum áherslum. Þannig er það sameiginlegt verkefni starfsfólks, nemenda og foreldra að tryggja öryggi, vellíðan og vinnufrið í skólanum. Markmiðið er að efla og viðhalda skólabrag sem einkennist af jákvæðni, umhyggju og gagnkvæmri virðingu. Skólareglur eru birtar á heimasíðu skólans og þær eru auk þess sýnilegar í rýmum skólans. Reglurnar eru endurskoðaðar reglulega í samráði við nemendur, foreldra og kennara. Viðbrögð við brotum á reglum fylgja fyrir fram ákveðnu verklagi sem er skýrt, samræmt og sanngjarnt. Verklagið er skilgreint í skólareglunum.

Námsmat

Í menntastefnu Húnaþings vestra er lögð áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð og möguleika nemenda til að hafa áhrif á eigið nám og mat á því.

Námsmat í Grunnskóla Húnaþings vestra byggir á hugmyndafræði leiðsagnarmats þar sem matið á sér stað jafnt og þétt á meðan á námsferlinu stendur. Markmiðið er að tryggja réttlátt, gagnsætt og uppbyggjandi mat sem styður við einstaklingsmiðaðar framfarir og eflir sjálfstæði nemenda.

- **Framkvæmd:** Skólaárinu er skipt í sex vikna spannir. Námsmarkmið og viðmið eru gerð sýnileg í upphafi hverrar spannar og nemendur fá reglulega leiðbeinandi endurgjöf.
- **Mat og upplýsingagjöf:** Notaður er sameiginlegur sjö stiga færni- og matskvarði á bilinu 4–10 (allt frá *ólokið, ekki hægt að meta* upp í *framúrskarandi færni*) sem tengist hæfniviðmiðum aðalnámskrár. Niðurstöður eru skráðar inn í Kentro, auk þess sem boðað er til formlegra foreldraviðtala tvisvar á ári.
- **Lokamat:** Í lok skólaárs fá nemendur afhentan heildstæðan vitnisburð með lýsandi samantekt um námsframvindu.

Námsmat

10	**Framúrskarandi færni** Nemandi sýnir færni sem er að langmestu leyti umfram þau viðmið sem sett voru.	9.5–10.0 | 10.0
9	**Mjög góð færni** Nemandi hefur náð tökum á viðmiðum og að miklu leyti sýnt færni umfram þau.	8.5–9.5 | 9.0
8	**Góð færni** Nemandi hefur náð tökum á viðmiðum og að einhverju leyti sýnt færni umfram þau.	7.5–8.5 | 8.0
7	**Grunnfærni** Nemandi hefur náð tökum á þeim viðmiðum sem liggja til grundvallar.	6.5–7.5 | 7.0
6	**Á góðri leið** Nemandi hefur að miklu leyti náð tökum á viðmiðum en þarf stuðning við ákveðna þætti.	5.5–6.5 | 6.0
5	**Þarfnast þjálfunar** Nemandi hefur að nokkru leyti náð tökum á viðmiðum og þarf frekari þjálfun.	4.5–5.5 | 5.0
4	**Ólokið, ekki hægt að meta** Nemandi hefur ekki náð tökum á viðmiðum – kallar á samtal um stuðning eða einstaklingsnámskrá.	0.0–4.5 | 4.0

Mat á skólastarfi

Mat á starfsháttum innan skólans, rétt eins og mat á framförum nemenda, er mikilvæg forsenda þess að skólastarf beri skýr einkenni gæðastarfs. Vandað innra mat er kerfisbundið, byggt á skýrum viðmiðum og er lykilverkfæri til að tryggja árangur og fylgja eftir umbótum.

Í Grunnskóla Húnaþings vestra fer innra mat fram með reglubundnum hætti og með þátttöku alls skólasamfélagsins undir forystu gæðaráðs. Stuðst er við blandaða aðferðafræði þar sem raddir nemenda, starfsfólks og foreldra fá að heyrast með ólíkum leiðum. Ferlið veitir skólanum skýra og áreiðanlega mynd af styrkleikum og tækifærum í starfinu og styður við áframhaldandi þróun og umbætur.

Framkvæmd innra mats skiptist í eftirfarandi þætti:

- **Reglubundnar rannsóknir og kannanir:** *Skólapúlsinn* er nýttur til að meta starfið, fylgjast með líðan og bera árangurinn saman við önnur skólasamfélög. Þá eru innanhúskannanir lagðar fyrir þegar rýna þarf nánar í afmarkaða þætti í skólastarfinu.
- **Raddir nemenda og lýðræði:** Haldin eru *nemendaþing* þar sem nemendur fá tækifæri til að ræða skólastarfið, koma sínum sjónarmiðum á framfæri og taka þátt í mótun skólaumhverfisins.
- **Mat á skólastarfi og starfsmannasamtöl:** Stjórnendur framkvæma *innlit í kennslustundir* til að fylgjast með og styðja við fjölbreytta kennsluhætti og skólabrag. Þá eru *starfsmannasamtöl* nýtt reglulega til að fá fram sýn starfsfólks á vinnuumhverfi, starfsanda og þróun í námi og kennslu.
- **Úrvinnsla og umbætur:** Gæðaráð fer yfir og greinir öll söfnuð gögn í samstarfi við stjórnendur og starfsfólk. Í kjölfarið er gerð umbótaáætlun þar sem sett eru fram skýr markmið og aðgerðir til að bæta skólastarfið enn frekar. Niðurstöður og áætlanir eru kynntar skólasamfélaginu og birtar á heimasíðu skólans.

Starfsþróun

Í Menntastefnu Húnaþings vestra er lögð áhersla á heilsueflandi, framsækið skólasamfélag þar sem hlúð er vel að nemendum og starfsfólki í faglegu starfi sem skilar sér í gleði, samheldni og vilja til samstarfs. Skólastarfinu er jafnframt ætlað að stuðla að heilsusamlegu líferni starfsfólks, bæði andlegu og líkamlegu, svo það geti verið nemendum gott fordæmi í heilsuvitund.

Í Grunnskóla Húnaþings vestra er lögð áhersla á endurmenntun og starfsþróun sem styður við að fjölbreyttum aðferðum sé beitt við uppeldi og í kennslu. Starfsfólk tekur þátt í skipulögðum námskeiðum, starfsmannafundum og samstarfsverkefnum sem miða að því að taka upp nýjar leiðir og dýpka þekkingu. Starfsþróunaráætlun er í vinnslu í samstarfi við Farskólann.

Skólaráð

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.

Skólaráð skal skipað, auk skólastjóra, níu einstaklingum til tveggja ára í senn

- aðstoðarskólastjóra
- tveimur fulltrúum kennara
- einum fulltrúa annars starfsfólks
- tveimur fulltrúum nemenda
- tveimur fulltrúum foreldra
- einum fulltrúa grenndarsamfélags (sem skólaráð ákvarðar)

Nánar má lesa um skólaráð hér.

Nemendaráð

Við skólann starfar nemendaráð sem skipað er tveimur fulltrúum úr 10. bekk og fimm fulltrúum úr 5.-9. bekk, einum úr hverjum árgangi. Sá fulltrúi 10. bekkjar sem flest atkvæði hlýtur er formaður ráðsins. Nemendaráð vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skulu skólastjórnendur sjá til þess að ráðið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendaráð á skv. lögum að fá skólanámskrá til umsagnar og aðrar áætlanir er varða skólahaldið. Skólastjórnendur funda reglulega með nemendaráði. Nánari upplýsingar um nemendaráð má finna á heimasíðu skólans.

Samstarf á milli skólastiga

Í Menntastefnu Húnaþings vestra er lögð áhersla á samstarf og samfellu á milli skólastiga og góð tengsl skóla og frístundastarfs. Markmið samstarfsins er að tryggja að nemendur upplifi öryggi, samfellu og vellíðan þegar þeir flytjast á milli skólastiga, og að námsleg og félagsleg aðlögun gangi sem best fyrir sig.

Leikskólinn Ásgarður og Grunnskóli Húnaþings vestra eiga í reglubundnu samstarfi. Elstu nemendur leikskólans koma reglulega í heimsókn í grunnskólann og er markmiðið með þessum heimsóknum m.a. að yfirfærslan á milli skólastiga verði nemendum auðveldari, þeir kynnist nýju umhverfi, starfsfólki og reglum skólans, og öðlist þannig aukið öryggi áður en formlegt grunnskólanám hefst. Nánari útfærslu samstarfsins má finna hér.

Tengsl við nærsamfélagið

Í Menntastefnu Húnaþings vestra kemur mikilvægi virkra og uppbyggilegra tengsla skólans við samfélag og náttúru svæðisins skýrt fram. Stefnt er að því að skólasamfélagið taki þátt í heilsueflandi verkefnum í samfélaginu og sé leiðandi í umhverfismálum.

Grunnskóli Húnaþings vestra starfar samkvæmt þessari stefnu með því að nýta nærumhverfið sem lifandi námsvettvang. Við eigum í góðu samstarfi við staðbundin fyrirtæki og stofnanir, þar sem nemendur fara t.d. í heimsóknir á sjúkrahúsið og geta mögulega átt þess kost að fara í starfsnám til fyrirtækja ef þurfa þykir. Þannig kynnast nemendur fjölbreyttu starfi í heimabyggð og dýpka skilning sinn á samfélaginu.

Félagsstarf barna og unglinga

Í Menntastefnu Húnaþings vestra er félagslífi, íþróttum og tómstundum gert hátt undir höfði og lögð áhersla á að öll börn hafi tækifæri til að taka þátt og njóta sín á eigin forsendum. Stjórnendur og starfsfólk Grunnskóla Húnaþings vestra vinna samkvæmt þessu, meðal annars með því að eiga í góðu samstarfi við íþróttafélögin á svæðinu, félagsmiðstöðina og aðra aðila. Markmið samstarfsins er meðal annars að efla tengsl ungmenna í sveitarfélaginu, bæta aðgang þeirra að uppbyggilegu tómstundastarfi í öruggu umhverfi og auka tengsl þeirra við samfélag og nærumhverfi.

Stefnur og áætlanir

Eineltisáætlun

Eineltisáætlun Grunnskóla Húnaþings vestra, upplýsingar um eineltisteymi skólans og fyrirbyggjandi aðgerðir má nálgast hér.

Forvarnarstefna

Í Grunnskóla Húnaþings vestra er lögð áhersla á forvarnarstarf, ekki síst með því að efla, þroska og styrkja nemendur í öllu skólastarfi og hafa velferð nemenda ávallt að leiðarljósi. Í skólanum er regluleg og fagleg fræðsla um heilbrigðan lífsstíl og skólinn vinnur eftir aðgerðaáætlun um fræðslu og forvarnir gegn kynbundnu ofbeldi. Öflugt félagsstarf og samvinna við nærsamfélagið eru auk þess lykilþættir forvarna skólans.

Forvarnarstefnu Grunnskóla Húnaþings vestra má kynna sér hér.

Áfallaáætlun

Áfallaáætlun skólans er ætlað að skýra aðgerðir skólans vegna meiriháttar áfalla sem tengjast nemendum s.s. slysum eða andlátum. Ef um er að ræða ýmis önnur áföll s.s. skilnað foreldra, alvarleg veikindi aðstandenda eða nemanda, slys í umhverfinu, andlát vina, ættingja og fleiri getur einnig verið ástæða til að kalla saman áfallateymi skólans.

Verði umsjónarkennari var við breytingu á hegðun, námsárangri eða líðan nemanda ber honum að ræða við nemandann einslega eða í samvinnu við skólastjórnendur. Skólastjórnendur og umsjónarkennari virkja það starfsfólk skólans sem þurfa þykir til að aðstoða nemandann.
Í áfallateymi sitja skólastjórnendur, umsjónarkennari viðkomandi nemanda, sóknarprestar, skólahjúkrunarfræðingur, öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður. Áfallaáætlun skólans má nálgast hér. Verið er að vinna að uppfærðri áfallaáætlun.

Árvekni- og viðbragðsáætlun skólans v. ofbeldis

Á heimasíðu skólans má finna árvekni og viðbragðsáætlun skólans v. ofbeldis. Verið er að vinna að uppfærðri áætlun.

Rýmingaráætlun

Rýmingaráætlun má nálgast á heimasíðu skólans.

Mannauðsstefna

Mannauðsstefna Húnaþings vestra gildir fyrir Grunnskóla Húnaþings vestra. Hana má nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins.

Endurmenntunarstefna

Markmið endurmenntunarstefnu skólans er að tryggja að starfsmenn skólans hafi yfir að ráða yfirgripsmikilli þekkingu á þeim efnisþáttum sem koma starfi þeirra við. Ætíð skal stefnt að því að starfsmenn séu að bæta við þekkingu sína og bæta sig í starfi og skal miðað við að þeir fái jafnan tækifæri til þess.

Skólareglur

Skólareglur má nálgast á heimasíðu skólans. Viðbrögð við agabrotum Að öllu jöfnu skulu viðbrögð við brotum á skólareglum vera skv. ákveðnu ferli sem finna má á heimasíðu skólans.

Síma- og snjalltækjareglur

Síma og snjalltækjareglur Grunnskóla Húnaþings vestra má finna á heimasíðu skólans..